



Foreldraviðtöl á Sólvöllum

Tvisvar sinnum ári að lágmarki er foreldrum boðið til samtals við deildarstjóra og hópstjóra viðkomandi deildar þar sem farið er yfir skólastarfið og hvernig barninu gengur í leikskólanum. Markmiðið með samtalinu er að tryggja að foreldrar eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna og að foreldrar og kennari myndi teymi með velferð barnsins í forgrunni.

Foreldrum barna sem eru að hefja nám í leikskólanum er boðið í svo kallað *fyrra viðtöl*, nánari upplýsingar um það [má finna hér](#).

Foreldrasamtal að hausti til skal fara fram á tímabilinu 1. - 30. september ár hvert. Í því samtali er áhersla lögð á að fara yfir starfið fyrir komandi vetur. Ef foreldrum liggur eitthvað á hjarta varðandi barnið sitt, s.s. líðan eða nám er þetta kjörið tækifæri til þess að ræða það.

1. Foreldrar boðnir velkomnir í viðtalið.
2. Farið yfir starfið á deildinni og foreldrum afhent fréttabréf um deildina.
3. Farið yfir hvernig veturinn fer af stað og stöðu barnsins
4. Kynning á stoðþjónustu og lögum um farsæld barna.

Að vori eru aftur skipulögð viðtöl og skulu þau fara fram á tímabilinu 15. mars - 30. apríl, þau viðtöl eru mun einstaklingsmiðaðri og lögð er áhersla á barnið sjálft. Þar er farið yfir ferilmöppu nemandans og foreldrum boðið að taka möppuna með sér heim eftir viðtalið.

Fyrir samtalið skal deildarstjóri og hópstjóri vera í sameiningu með tilbúin gögn:

- Öll gögn eiga vera komin í ferilmöppu
- Fylla skal út spurningalista fyrir foreldraviðtöl
- Eldri deildir fylla út sjálfsmatslista fyrir viðtalið

Eftir viðtalið fylla foreldrar út viðhorfskönnun varðandi málefni er varða leikskólans eins og t.d. notkun á ferilmöppunni. Það er gert til að hjálpa okkur að þróa ferilmöppuna og að hún skili sem bestum árangri í samstarfi heimilis- og skóla.

Þó skipulögð viðtöl séu tvisvar sinnum á skólaári er foreldrum velkomið að senda skilaboð á deildarstjóra og óska eftir viðtali séu einhverjar spurningar sem vakna eða þörf sé á samtali um eitthvað sem viðkemur leikskólagöngu barnsins, s.s. líðan, nám, hegðun eða leikskólanum. Sama gildir með deildarstjóra að þeir boða til samtals utan þessa tíma ef þörf er á.

Við leggjum mikla áherslu á að foreldrar og kennara vinni saman í teymi og finna farsæla lausn með hag barnsins í huga.